

Dagsetning: 10. mars 2017

Viðtakandi: Velferðarráðuneytið, Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra, Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri, Margrét Björnsdóttir, skrifstofustjóri og Sigrún Gunnarsdóttir, aðstoðarmaður ráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 1703073/4.0

**Efni: Biðlistar eftir völdum aðgerðum**

Hluti af eftirliti Embættis landlæknis er að fylgjast með aðgengi að heilbrigðisþjónustu og þar með biðtíma. Embætti landlæknis hefur gefið út viðmið um ásættanlegan biðtíma eftir heilbrigðisþjónustu. Bið eftir aðgerð er talin ásættanleg allt að 90 dögum frá greiningu sérfræðings. Í þessari greinargerð er farið yfir stöðu á biðlistum 31. janúar 2017. Sérstaklega hefur embættið reynt að leggja mat á það átak sem hófst fyrir tæpu ári í þeim tilgangi að stytta biðlista eftir liðskiptaaðgerðum og augasteinsaðgerðum, hjartaþræðingum og kransæðavíkkunum.

Eftirfarandi kemur þá fram varðandi **liðskiptaaðgerðir**:

1. Fjöldi liðskiptaaðgerða hefur nánast tvöfaldast (liðlega 90% aukning)
2. Fjöldi einstaklinga á biðlista hefur farið úr 1415 (febrúar 2016) í 1209 (fækkað um ríflega 200 eða u.þ.b. 14%)
3. Hlutfall þeirra sem bíða >90 daga hefur breyst sáralítið (farið úr 80% í ca 70%)

Hvað varðar **skurðaðgerðir á augasteinum** er staðan eftirfarandi:

1. Fjöldi aðgerða hefur meira en tvöfaldast (150% aukning)
2. Fjöldi aðgerða á biðlista hefur farið úr 4619 (í júní 2016) í 2979 (fækkað um 36%)
3. Hlutfall þeirra sem bíða >90 daga hefur breyst sáralítið (farið úr 84% í 73%)

Þessar niðurstöður benda til þess að fyrir sé í landinu nægilegt skurðstofurými og mannaflí til þess að fjölga umræddum aðgerðum umtalsvert. Hins vegar hefði mátt vænta þess að þessi aukning skilaði sér betur í styttingu biðtíma og sérstaklega þeirra sem hafa beðið lengur en 3 mánuði. Í samtali við fulltrúa Landspítalans kemur fram að innflæði sjúklunga á biðlista eftir liðskiptaaðgerðum hefur aukist. Spurningin er hvernig læknar og heilbrigðisstofnanir nota biðlista? Eru þeir notaðir til þess að setja þar sjúklinga sem að öllu leyti uppfylla klínískar kröfur um að fara í aðgerð eins fljótt og kostur er eða er tilgangur þeirra einhver annar?

Í febrúar 2016 höfðu 9% þeirra sem voru á biðlista eftir hjartaþræðingu og kransæðavíkkun beðið >90 daga, en í október 2016 höfðu 34% þeirra beðið >90 daga. Í febrúar 2017 er hlutfallið komið niður í 18%.

Enn er löng bið eftir **völdum aðgerðum á grindarholslíffærum** og **legnámi**, en slíkar aðgerðir voru ekki hluti af átaksverkefninu. Í febrúar 2017 hafði til að mynda um fjórðungur (n=68) þeirra sem voru á biðlista eftir aðgerð á grindarholslíffærum beðið lengur en 12 mánuði.


Í eftirfarandi köflum er á myndrænan hátt fjallað sérstaklega um stöðu á biðlistum eftir völdum aðgerðum þar sem átak hefur verið gert eða þar sem biðlistar eru/hafa verið sérstaklega langir.

# 1. Liðskiptaaðgerðir


**Mynd 1.1 Liðskiptaaðgerðir á mjöðmum og hnjám.**

Myndin sýnir fjölda aðgerða sem voru gerðar á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi.

Fyrri tímabilið var frá 1. febrúar 2015 – 31. janúar 2016, þá voru gerðar samtals 818 aðgerðir. Seinna tímabilið var frá 1. febrúar 2016 – 31. janúar 2017, þá voru gerðar samtals 1542 aðgerðir.




Heildarfjöldi á biðlista eftir liðskiptaaðgerðum



**Mynd 1.2. Liðskiptaaðgerðir á mjöðmum og hnjám.**


Myndin sýnir fjölda þeirra sem biðu eftir aðgerð á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi. Miðað er við stöðu á biðlistum frá júní 2014 til febrúar 2017. Grænu súlurnar tákna þá sem biðu eftir aðgerð á hné en bláu súlurnar þá sem biðu eftir aðgerð á mjöðm.

Hlutfall þeirra sem hafa verið > 90 daga á biðlista eftir liðskiptaaðgerð



**Mynd 1.3. Gerviliðaaðgerðir á mjöðmum og hnjám** Myndin sýnir hlutfall þeirra sem hafa verið lengur en 90 daga á biðlista. Bláa línan tákna þá sem biðu eftir aðgerð á mjöðm, græna línan tákna þá sem biðu eftir aðgerð á hné.


Fjöldi mánaða sem einstaklingar hafa verið á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm



**Mynd 1.4.**  
**Liðskiptaaðgerðir á mjöðmum**

Myndin sýnir hlutfall þeirra sem hafa beðið eftir aðgerð í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en 12 mánuði. Skoðuð er þróun frá febrúar 2016 til febrúar 2017.


Fjöldi mánaða sem einstaklingar hafa verið á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á hnjúm




**Mynd 1.5.**  
**Liðskiptaaðgerðir á hnjúm**

Myndin sýnir hlutfall þeirra sem hafa beðið eftir aðgerð í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en 12 mánuði. Skoðuð er þróun frá febrúar 2016 til febrúar 2017.

Heildarfjöldi á biðlistum eftir liðskiptaaðgerðum:



**Mynd 1.6.** Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á mjöðm eftir stofnunum.



**Mynd 1.7.** Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista eftir liðskiptaaðgerð á hné eftir stofnunum.

## 2. Skurðaðgerðir á augasteinum

Í umfjöllun um bið eftir skurðaðgerð á augasteini er átt við fjölda aðgerða sem beðið er eftir (einstaklingur sem bíður eftir aðgerð á báðum augasteinum er því tvisvar á listanum).


### Mynd 2.1. Skurðaðgerðir á augasteinum

Myndin sýnir fjölda aðgerða sem voru gerðar á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri, hjá Sjónlagi og LaserSjón.


Skoðaður er fjöldi aðgerða á tveimur tímabilum.

Fyrra tímabilið var frá 1. febrúar 2015 – 31. janúar 2016 (bláar súlur), þá voru gerðar 1902 aðgerðir.

Seinna tímabilið var frá 1. febrúar 2016 – 31. janúar 2017 (grænar súlur), þá voru gerðar 4574 aðgerðir.



### Fjöldi aðgerða sem bíður: Skipt eftir aðgerðarstöðum




### Mynd 2.2

Myndin sýnir fjölda aðgerða sem beðið var eftir í júní 2016, október 2016 og febrúar 2017, greint eftir aðgerðarstað.


### Mynd 2.3

Myndin sýnir hlutfall aðgerða eftir biðtíma, á tímabilinu júní 2016 til febrúar 2017. Bláa súlan sýnir hlutfall aðgerða sem hafa beðið 90 daga eða skemur. Græna súlan sýnir hlutfall aðgerða sem hafa beðið lengur en 90 daga.

### Aðgerðir sem hafa beðið í ≤90 daga eða lengur



### Hlutfall skurðaðgerða á augasteini eftir biðtíma




### Mynd 2.4

Á myndinni er biðtími greindur nánar. Myndin sýnir hlutfall aðgerða sem beðið hefur verið eftir í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en 12 mánuði. Skoðuð er þróun frá júní 2016 til febrúar 2017.


### 3. Hjartaþræðingar og kransæðavíkkunar

**Mynd 3.1. Hjartaþræðingar og kransæðavíkkunar**

Myndin sýnir fjölda aðgerða sem voru gerðar á Landspítala á tveimur tímabilum; 1. febrúar 2015 – 31. janúar 2016 og 1. febrúar 2016 – 31. janúar 2017.



Heildarfjöldi á biðlista eftir hjartaþræðingu og kransæðavíkkun




**Mynd 3.2. Hjartaþræðingar og kransæðavíkkunar**



Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista. Skoðuð er þróun frá febrúar 2015 til febrúar 2017.

**Mynd 3.3.** Myndin sýnir hlutfall einstaklinga sem hafa beðið  $\leq 90$  daga eða lengur, á tímabilinu febrúar 2015 til febrúar 2017.


Bláu súlurnar sýna hlutfall aðgerða sem beðið hefur verið eftir í 90 daga eða skemur. Græna súlan sýnir hlutfall aðgerða sem beðið hefur verið eftir lengur en 90 daga.



## 4. Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna




**Mynd 4.2.** Myndin sýnir heildarfjölda kvenna sem eru á biðlista eftir völdum aðgerðum á grindarholslíffærum kvenna.




**Mynd 4.3.** Myndin sýnir hlutfall kvenna sem hafa beðið ≤90 daga eða lengur, á tímabilinu febrúar 2016 til febrúar 2017.


Bláa súlan sýnir hlutfall aðgerða sem hafa beðið 90 daga eða skemur. Græna súlan sýnir hlutfall aðgerða sem hafa beðið lengur en 90 daga.




## 5. Brottnám legs




**Mynd 5.1. Brottnám legs.** Myndin sýnir fjölda aðgerða sem voru gerðar á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Sýndur er fjöldi aðgerða á tveimur tímabilum; 1.2.2015 – 31.1.2016 (bláar súlur) og 1.2.2016 – 31. 1.2017 (grænar súlur).



**Mynd 5.2.** Myndin sýnir heildarfjölda kvenna sem eru á biðlista eftir brottnámi legs á Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands.



**Mynd 5.3.** Myndin sýnir hlutfall kvenna sem hafa beðið ≤90 daga (bláar súlur) eða lengur (grænar súlur) eftir brottnámi legs, á tímabilinu febrúar 2016 til febrúar 2017.



**Mynd 5.4.** Á myndinni er biðtími greindur nánar. Myndin sýnir hlutfall aðgerða sem beðið hefur verið eftir í 0-3 mánuði, 3-6 mánuði, 6-9 mánuði, 9-12 mánuði eða lengur en 12 mánuði. Skoðuð er þróun frá febrúar 2016 til febrúar 2017.